

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 2014 í máli nr. E-3373/2013:

**Stapi lífeyrissjóður**

*(Hróbjartur Jónatansson hrl.)*

**gegn**

**íslenska ríkinu**

*(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)*

### I.

Mál þetta, sem var dómtekið 14. nóvember sl., er höfðað 30. ágúst 2013 af Stapa lífeyrissjóði, Strandgötu 3 á Akureyri, gegn íslenska ríkinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 6.131.319.075 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 16. nóvember 2012 til greiðsludags. Til vara gerir stefnandi þá kröfu að stefndi greiði sér 4.349.394.516 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. mars 2009 til 16. nóvember 2012 en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði í báðum tilvikum dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar, en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar stórkostlega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

### II.

Stefnandi var haustið 2008 eigandi nokkurra skuldabréfa sem Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. hafði gefið út. Ekki liggja fyrir gögn um útgáfu eða skilmála þessara skuldabréfa að öðru leyti en því að þeim er lýst í stefnu, sem lögð hefur verið fram í málinu, dags. 17. febrúar 2011, í máli sem stefnandi höfðaði gegn Straumi-Burðarás, sem þá bar heitið ALMC hf., sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 459/2011. Af þeirri lýsingu má ráða að gjalddagi þessara skuldabréfa hafi verið á árunum 2009 til 2018.

Í október og nóvember 2008 komust stefnandi og Straumur-Burðarás að samkomulagi um að bankinn greiddi upp kröfur stefnanda samkvæmt

skuldabréfunum, gegn því að andvirði bréfanna yrði lagt inn á bundna innlánsreikninga hjá bankanum. Í málflutningsskjölum kemur jafnframt fram að samið hafi verið um að stefnandi myndi að auki leggja inn á reikningana fjárhæð sem nam um 25% af andvirði skuldabréfakrafnanna. Þá var samið um vexti og gjalddaga innlánanna sem virðist í sumum tilvikum hafa tekið mið af skilmálum fyrrgreindra skuldabréfa. Samtals nam fjárhæð þessara inneigna 4.041.537.130 krónum.

Þegar ákveðið var að ganga til samninga um framangreinda ráðstöfun hafði nokkru áður, eða 6. október 2008, birst yfirlýsing á heimasíðu forsætisráðuneytisins sem var svohljóðandi: „Ríkisstjórn Íslands áréttar að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi verða tryggðar að fullu. Með innstæðum er átt við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda tekur til.“ Sama dag var lagt fram frumvarp til laga um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. sem urðu að lögum nr. 125/2008 að kvöldi 6. október 2008 og tóku gildi daginn eftir. Lög þessi ganga almennt undir heitinu neyðarlögin. Með lögunum var Fjármálaeftirlitinu meðal annars veitt heimild til að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækja, sem komin voru að fótum fram, og ráðstafa eignum þeirra og skuldbindingum. Jafnframt fengu innstæður forgangsrétt við slitameðferð fjármálafyrirtækja. Á næstu dögum beitti Fjármálaeftirlitið heimildum sínum í þessa veru og tók yfir vald hluthafafundar í þremur stærstu bönkum landsins, vék stjórnun þeirra frá og skipaði þeim skilanefndir. Þá var innlendum eignum og skuldbindingum þeirra ráðstafað með nánar tilgreindum hætti til nýrra banka sem komið var á fót.

Hinn 9. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að taka einnig yfir vald hluthafafundar Straums-Burðaráss, víkja félagsstjórninni frá störfum og skipa skilanefnd yfir bankanum, allt vegna yfirvofandi og alvarlegs lausafjárskorts hjá honum. Hinn 17. sama mánaðar tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að ráðstafa skuldbindingum bankans á Íslandi vegna innlána í höfuðstöðvum bankans á Íslandi til Íslandsbanka hf. Sérstaklega var tekið fram í ákvörðuninni að ekki væri þörf á innköllum eða auglýsingu vegna þessarar færslu innstæðna. Á þessu var þó gerð sú undantekning í ákvörðuninni að Íslandsbanki hf. yfirtók ekki innlánaskuldbindingar Straums-Burðaráss sem stofnað hafði verið til „með þeim hætti að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi og/eða öðru sambærilegu skuldaskjali hefur fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en á sama tíma hefur verið stofnað til innláns hjá Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf.“.

Í forsendum ákvörðunarinnar kemur fram að við nánari skoðun á innlánnum í Straumi-Burðarási hafi komið í ljós að talsverðan hluta þeirra mætti rekja til þess að skuldbindingum bankans, sem áður hafi verið í formi skuldabréfa og sambærilegra skuldaviðurkenninga, hafi verið breytt í innlán með þeim hætti að skuldabréfin voru greidd upp og innlán stofnuð í staðinn. Í flestum tilvikum hafi þetta átt sér stað fyrir upphaflegan gjalddaga viðkomandi skuldaskjala. Í lögfræðialiti, sem aflað hafi verið, kæmi fram að enginn vafi léki á því að um riftanlega gerninga væri að ræða við gjaldþrot eða nauðasamninga, þar sem umræddar skuldbindingar hafi verið greiddar fyrir gjalddaga og/eða ríkari trygging veitt fyrir eldri skuld. Af þeim sökum „og með tilliti til hagsmuna annarra kröfuhafa bankans“ hafi Fjármálaeftirlitið talið að þessi innlán „verði að meðhöndlast sérstaklega“. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins var því einnig beint

til Straums-Burðaráss að gefa út skuldabréf sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innlánskuldbindingar og skyldu allar eignir bankans veðsettar til tryggingar á greiðslu skuldabréfsins.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2009 var Straumi-Burðarási veitt heimild til greiðslustöðvunar. Átti greiðslustöðvun að standa til 11. júní 2009. Áður en henni lauk, eða 22. apríl 2009, tóku lög nr. 44/2009 gildi. Þar var í ákvæði til bráðabirgða II kveðið á um að tilteknar sérreglur ættu að gilda um fjármálafyrirtæki sem nyttu heimildar til greiðslustöðvunar. Voru þessar sérreglur svohljóðandi:

1. Heimild til greiðslustöðvunar skal haldast þrátt fyrir gildistöku laga þessara og má framlengja hana samkvæmt þeim reglum sem um ræðir í 2. mgr. 10. gr.

2. Við greiðslustöðvunina skal beitt ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, sbr. 1. efnismgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr. og 8. gr. laga þessara, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lög þessi öðlast gildi, en slitameðferðin skal þó allt að einu kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stendur, sbr. 1. tölul. Þegar sú heimild rennur sitt skeið á enda skal fyrirtækið án sérstaks dómsúrskurðar sjálfkrafa teljast vera til slitameðferðar eftir almennum reglum, sbr. þó 3. og 4. tölul. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir, en þó skal aðstoðarmaður hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanefndar skv. 103. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga þessara.

3. Skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað fyrir gildistöku laga þessara á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, skal með óbreyttu heiti halda áfram störfum og gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í 3. mgr. 9. gr., 2. másl. 4. mgr. 101. gr., 1. másl. 5. mgr. 102. gr. og 1.-3. mgr. 103. gr. laganna, sbr. 1., 5., 6. og 7. gr. laga þessara. [...]

4. Til annarra verka slitastjórnar en um ræðir í 3. tölul. skal héraðsdómari eftir skriflegri beiðni skilanefndar skipa fyrirtækinu slíka stjórn samkvæmt fyrirmælum 1. og 3. másl. 4. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga þessara. Þar skal jafnframt sjálfkrafa taka sæti sá sem gegnir starfi aðstoðarmanns fyrirtækisins við greiðslustöðvun og skal hann halda því sæti þótt henni ljúki.

Að beiðni skilanefndar og með vísan til 1. og 3. töluliðar 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. töluliðar ákvæðis II til bráðabirgða í sömu lögum, skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur 11. maí 2009 tvo menn í slitastjórn Straums-Burðaráss. Í samræmi við sama ákvæði tók skipaður aðstoðarmaður Straums-Burðaráss við greiðslustöðvun sjálfkrafa sæti í slitastjórninni. Innköllun var gefin út 12. maí sama ár til skuldheimtumanna félagsins, en hún var birt í fyrra sinn í Lögbirtingablaði 18. maí 2009. Í innkölluninni var tekið fram að frestur til að lýsa kröfum fyrir slitastjórn væri tveir mánuðir frá fyrri birtingu innköllunarinnar. Kröfulýsingarfrestur rann því út 18. júlí 2009. Þá sagði í innkölluninni að yrði kröfu ekki lýst innan frestsins giltu um það sömu réttaráhrif og um vanlýsingu kröfu samkvæmt 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Teldist hún þá fallin niður gagnvart Straumi-Burðarási nema undantekningar í 1.-6. tölulið 118. gr.

laga nr. 21/1991 ættu við.

Með bréfi slitastjórnar Straums-Burðaráss 19. júní 2009 var stefnanda gerð grein fyrir því að unnið væri að undirbúningi að nauðasamningi sem stæði til að bera undir kröfuhafa. Jafnframt var upplýst að það væri afstaða slitastjórnarinnar að uppgreiðsla skuldabréfa stefnanda og gerð nýs samnings, sem veitti kröfuhafa betri réttarstöðu en hann hefði áður haft gagnvart öðrum kröfuhöfum félagsins, væri riftanleg ráðstöfun á grundvelli 1. mgr. 134. gr. og 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991. Með bréfinu var óskað eftir því að stefnandi lýsti afstöðu sinni til þess hvort hann samþykkti riftun á þessum grunni. Bréfinu var svarað 14. júlí 2009 þar sem röksemdum slitastjórnar var hafnað og því lýst yfir að stefnandi teldi sig eiga innstæður sem njóta ættu forgangs við slit á Straumi-Burðarási.

Stefnandi lýsti kröfu á grundvelli innstæðnanna við slit á Straumi-Burðarási og mun kröfulýsingin hafa borist 24. júlí 2009. Kröfunni var hafnað á þeim grundvelli að kröfulýsingin hefði borist eftir lok kröfulýsingarfrests.

Aðrir lífeyrissjóðir höfðu líkt og stefnandi fengið skuldabréfakröfur á hendur Straumi Burðarási greiddar fyrir gjalddaga og lagt andvirði þeirra ásamt viðbótargreiðslum á innlánsreikninga hjá bankanum nokkrum mánuðum fyrir fall bankans. Slitastjórn bankans ritaði þessum lífeyrissjóðum bréf 19. júní 2009 þar sem hún lýsti þeirri afstöðu sinni að þessar ráðstafanir væru riftanlegar á grundvelli 1. mgr. 134. gr. og 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991, en því var hafnað af hálfu lífeyrissjóðanna. Innstæðukröfum þessum var lýst í slitabú bankans og þess krafist að kröfurnar nytu forgangs samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Slitastjórn viðurkenndi þessar kröfur sem almennar kröfur og rökstuddi það með því að um skuldabréfalán hefði verið að ræða sem hefði verið breytt fyrir gjalddaga í innlán innan sex mánaða fyrir frestdag. Því væru ráðstafanir þessar riftanlegar. Ágreiningsmál var rekið fyrir dómstólum um þessa niðurstöðu slitastjórnar sem lauk með dómum Hæstaréttar 16. apríl 2010 í málunum nr. 162/2010 og 163/2010. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að með framangreindum ráðstöfunum hefði bankinn greitt skuldir sínar fyrr en eðlilegt var í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Þá gæti það engan veginn talist venjulegt að stórfelldum skuldum bankans, sem áttu ekki að falla í gjalddaga fyrr en eftir þó nokkurn tíma, væri breytt í innlán með þeim kjörum sem um hefði verið samið, „hvað þá þegar atvikum er að auki þannig háttað að kröfuhafinn skuldbindi sig til að leggja til frekara lánsfé og öðlist um leið forgangsrétt fyrir allri kröfu sinni gagnvart öðrum lánardrottnum“. Var greiðslunum því rift og fallist á að kröfurnar nytu stöðu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Með heimild í 3. mgr. 103. gr. a í lögum nr. 161/2002, sbr. 8. gr. laga nr. 44/2009, leitaði Straumur-Burðarás nauðasamnings við kröfuhafa félagsins til að ljúka slitameðferðinni. Auglýsing um nauðasamningsumleitanirnar var birt í Lögbirtingablaði 1. júlí 2010 og var boðað til kröfuhafafundar 13. sama mánaðar til að fjalla um frumvarp að nauðasamningi. Á fundinum var nauðasamningurinn samþykktur og var hann staðfestur með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 2010.

Stefnandi höfðaði mál á hendur Straumi-Burðarási 17. febrúar 2011 og krafðist greiðslu andvirðis umræddra skuldabréfa, sem hann hafði átt haustið 2008, ásamt vöxtum. Nafni Straums-Burðaráss hafði þá verið breytt í ALMC hf. Í stefnu í

málinu lýsti stefnandi því yfir að hann hefði fallist á að úrlausn Hæstaréttar í máli nr. 162/2010 „ætti einnig við í máli hans“. Af því taldi hann leiða að hann ætti kröfur á hendur Straumi-Burðarási á grundvelli „þeirra skuldaskjala sem hann átti“ á hendur bankanum „áður en þau viðskipti urðu sem rift var með bréfi slitastjórnar þann 19. júní 2009“. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. maí 2012 í málinu nr. 459/2011 var ALMC hf. sýknað af kröfu stefnanda. Í dóminum var því hafnað að slitameðferð hefði aldrei hafist á Straumi-Burðarási, eins og stefnandi reisti málshöfðun sína öðrum þræði á. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að krafa stefnanda hefði fallið niður fyrir vanlýsingu.

Með bréfi 16. október 2012 fór stefnandi fram á að Tryggingarsjóður innstæðueigenda greiddi sér jafnvirði innstæðnanna sem stefnandi átti hjá Straumi-Burðarási þegar bankinn var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu. Krafa stefnanda nam samtals 4.349.394.516 krónum. Með bréfi 4. janúar 2013 var þessari kröfu hafnað af hálfu tryggingarsjóðsins. Sú niðurstaða var meðal annars rökstudd með því að krafa stefnanda væri ekki innstæða í skilningi laga, heldur krafa á grundvelli skuldabréfs sem ekki nyti tryggingarverndar samkvæmt 1. og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999.

Lögmaður stefnanda ritaði fjármálaráðherra einnig bréf 16. október 2012 þar sem þess var krafist að íslenska ríkið bætti stefnanda það fjártjón sem hann taldi hafa hlotist af því að innlánsreikningar hans hjá Straumi-Burðarási skyldu ekki hafa verið fluttir til Íslandsbanka hf. Krafan var framsend ríkislögmanni 23. október 2012. Með bréfi ríkislögmanns 26. sama mánaðar var stefnanda tilkynnt að afstaða til bótakröfunnar yrði kynnt þegar frekari gagna og umsagna hefði verið aflað. Málið var, eins og áður segir, höfðað 30. ágúst 2013 en þá hafði svar af hálfu ríkislögmanns ekki borist.

### III.

#### *1. Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á fimm málsástæðum, en hann telur að hver og ein þeirra leiði til fébótaábyrgðar stefnda m.a. vegna aðgerða Fjármálaeftirlitsins (FME) gagnvart stefnanda. Sú stofnun sé í eigu stefnda og starfi á grundvelli laga nr. 87/1998. FME lúti sérstakri stjórn og heyri undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Stefnandi kveðst byggja fébótaábyrgð FME gagnvart stefnanda á sakarreglunni sem stefndi beri ábyrgð á með vísan til reglna um húsbóndaábyrgð.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að ríkisstjórn Íslands hafi lýst því yfir að ríkið myndi tryggja allar innstæður í íslenskum bönkum í október 2008 sem nyту verndar innstæðudeildar tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF), sbr. lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta. Þegar FME hafi flutt innstæður í Straumi-Burðarási yfir til Íslandsbanka hafi yfirlýsingin verið í fullu gildi og hafi innlán stefnanda hjá Straumi-Burðarási fallið undir þær innstæður sem ríkið skyldi tryggja samkvæmt yfirlýsingunni. Með því að tryggja ekki öll innlán stefnanda telur stefnandi að FME hafi bakaði sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda sem stefndi beri ábyrgð á.

Í stefnu er þessari málsástæðu lýst nánar. Þar er gerð grein fyrir efni yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar 6. október 2008, 3. febrúar 2009 og 9. desember 2009, sem stefnandi reisir þessa málsástæðu sína á. Þá er ákvæði 6. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta rakið. Telur stefnandi að innlánessamningar þeir sem stefnandi hafi átt hjá Straumi-Burðarási hafi verið innstæður í skilningi 1. málslíðar 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 og því notið tryggingarverndar skv. 1. mgr., sbr. 6. mgr. 9. gr. sömu laga, enda hafi innstæðurnar verið til staðar 6. október 2008 er fyrri yfirlýsingin hafi verið gefin og einnig 3. febrúar 2009 við útgáfu annarrar yfirlýsingarinnar. Öll innlán stefnanda hjá Straumi-Burðarási við yfirtöku FME á bankanum hafi því fallið undir skuldbindingar ríkisstjórnarinnar um tryggingu innstæðna í íslenskum bönkum á Íslandi. Hafi ríkisstjórninni því borið að tryggja þessi innlán stefnanda við fall Straums-Burðaráss.

Stefnandi byggir á því að FME hafi, í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og fyrri framkvæmd við fall Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, borið að tryggja innstæður stefnanda með því að flytja þær frá Straumi-Burðarási yfir til Íslandsbanka. Hefði stefnandi með því móti fengið óheftan aðgang að öllum innstæðum sínum hjá Straumi-Burðarási og þær verið að fullu tryggðar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, án tillits til þess með hvaða hætti stofnað hefði verið til innstæðukrafna stefnanda, enda hafi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar ekki verið bundin fyrirvara um það atriði. Þar sem þetta hafi ekki verið gert telur stefnandi að FME hafi farið á svig við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þannig að stofnast hafi til skaðabótaábyrgðar stefnda gagnvart stefnanda vegna fjáртjóns stefnanda sem hlaust af því.

Stefnandi bendir á að innlánessamningar stefnanda og Straums-Burðaráss séu formlega enn í fullu gildi enda hafi þeim aldrei verið rift af hálfu bankans. Þó að stefnandi hafi ekki komið innlánskröfunum að við slitameðferð Straums-Burðarás þá varði það engu í þessu sambandi enda hafi tryggingarverndin í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar ekki verið bundin því að innstæða hefði stofnast með tilteknum hætti, að innstæðukröfu væri lýst í bú viðkomandi banka eða að slík krafa væri samþykkt af bústjórum þeirra banka sem voru yfirteknir af FME og settir í slitameðferð. Þvert á móti hafi almenna framkvæmdin verið sú að allar innstæður úr bönkum, sem FME hafi yfirtekið, og fullnægt hefðu því skilyrði að falla undir vernd TIF, hafi verið færðar yfir í nýju bankana og að fullu yfirteknar af þeim í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að innstæður yrðu tryggðar. Ágreiningur í máli nr. 459/2011 hafi lotið að því hvort stefnandi kæmi að meintum skuldabréfakröfum sínum undir samþykktan nauðasamning Straums-Burðaráss. Málið hafi ekki snúið að gildi innlánessamninganna sem slíkra. Hafi dómstólar tekið afstöðu til málatilbúnaðar stefnanda í því formi þó að skuldabréfakröfur hafi í raun aldrei raknað við til stefnanda þar sem engri riftun hafi verið til að dreifa á uppgreiðslu skuldabréfanna sem stofnað hefðu innlánin. Jafnvel þó að riftun teldist hafa verið viðurkennd með málshöfðun stefnanda á hendur Straumi-Burðarási á árinu 2011, þá breyti það því ekki að við fall Straums-Burðaráss í mars 2009 hafi stefnandi átt innstæður í bankanum sem fallið hafi undir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 og 3. febrúar 2009. Telur stefnandi því að hann hafi átt rétt á því að allar bankainnstæður hans yrðu að fullu tryggðar eins og annarra innstæðueigenda í bönkum á Íslandi sem yfirteknir hefðu verið af FME. Hvort stefnandi yrði að þola riftun á uppgreiðslu bankans á skuldabréfum og

endurgreiða búi bankans greiðsluna var annað og óskýlt málefni sem hafi átt undir dómstóla en ekki FME og komi tryggingu stefnda á innstæðum í bönkum á Íslandi ekkert við.

Stefnandi byggir í öðru lagi á því að FME hafi brostið vald til þess að fara gegn yfirlýsingum ríkisstjórnar Íslands, æðsta handhafa framkvæmdarvalds, um að ríkið skyldi tryggja allar innstæður í íslenskum bönkum sem fallið hafi undir TIF. Í ákvörðun FME um að flytja ekki öll innlán stefnanda í Straumi-Burðarási yfir til Íslandsbanka hafi falist ráðstöfun sem hafi verið andstæð þessum stjórnvaldsfyrirmælum ríkisstjórnarinnar sem hafi verið bindandi fyrir öll lægra sett stjórnvöld í landinu, þ.m.t. FME. Með því að FME hafi farið gegn fyrirmælum ríkisstjórnarinnar hafi FME bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda sem stefndi beri ábyrgð á.

Til stuðnings þessari málsástæðu vísar stefnandi til þess að ríkisstjórn Íslands sé æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins, sbr. 2. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, sbr. 13. og 14 gr. stjórnarskrárinnar. Í samræmi við meginreglu íslensks stjórnarsýsluréttar séu fyrirmæli æðra setts stjórnvalds bindandi fyrir lægra sett stjórnvald. Af þessum ástæðum hafi FME verið óheimilt að taka ákvarðanir eða grípa til einhverra þeirra aðgerða sem gengið hafi gegn framangreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með íþyngjandi hætti. Engin heimild var í lögum nr. 125/2008, sem breyttu lögum um fjármálafyrirtæki, til þess að fara á svig við þessa skuldbindingu ríkisstjórnarinnar og þaðan af síður til að mismuna einstökum innstæðueigendum í bönkum á Íslandi við framkvæmd þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem fólust í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Stefnandi byggir í þriðja lagi á því að stefnandi hafi sætt ólögumætri mismunun við yfirfærslu FME á innlánnum í Straumi-Burðarási þann 17. mars 2009 yfir til Íslandsbanka og að FME hafi brotið ákvæði III. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, m.a. um jafnræði og meðalhóf, við framkvæmd yfirfærslu innstæðna í Straumi-Burðarási yfir til Íslandsbanka.

Af hálfu stefnanda er á það bent að með lögum nr. 125/2008 hafi FME verið undanþegið köflum IV.-VII. við framkvæmd á yfirtöku fjármálastofnana. Því hafi FME verið áfram bundið af rannsóknarreglu 10. gr., jafnræðisreglu 11. gr. og meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga þegar stofnunin tók yfir Straum-Burðarás. Stefnandi vísar einnig til þess að í téðri yfirlýsingu FME um yfirfærslu innstæðna í Straumi-Burðarási til Íslandsbanka hafi enginn greinarmunur verið gerður á einstökum vaxtakjörum innlána.

Stefnandi vísar til þess að í tilkynningu FME hafi sagt að Íslandsbanki skyldi ekki taka yfir innláns-skuldbindingar hjá Straumi-Burðarási sem stofnað hefði verið til með þeim hætti að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi eða öðru skuldaskjali hefði fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en á sama tíma verið stofnað til innláns hjá Straumi-Burðarási. Stefnandi hafi verið í slíkri stöðu. Þannig hafi stefnandi verið mismunnað m.t.t. annarra innlánsþega Straums-Burðaráss enda hafi yfirfærsla innlána í eigu annarra til Íslandsbanka í engu verið háð því skilyrði hvernig innlánin höfðu orðið til. Engin önnur sambærileg dæmi hafi þá verið til um aðgreiningu á ábyrgð á innstæðum með hliðsjón af því hvernig stofnað hafði verið til þeirra við yfirfærslu þeirra úr öðrum yfirteknum bönkum. Mismununin hafi einkum verið tvíþætt; annars vegar, með því að flytja sum en ekki öll innlán

stefnanda og hins vegar með því að undanþiggja aðeins þær innstæður sem fluttar voru til Íslandsbanka kröfufýsingarskyldu en ekki þær innstæður sem skildar hafi verið eftir hjá Straumi-Burðarási.

Stefnandi telur því að í ákvörðun FME hafi falist brot á 11. gr. stjórnsýslulaga um jafnræði. Með ákvörðun FME, að flytja innlánin yfir til Íslandsbanka, hafi tilteknum réttindum ákveðinna aðila verið ráðstafað. Ákvörðun FME hafi því beinst sérstaklega að stefnanda þó að hann væri ekki nafngreindur. Því hafi ákvörðunin verið stjórnvaldsákvörðun eða stjórnsýsluathöfn í skilningi stjórnsýslulaga. Þá bendir stefnandi á að meginreglan um jafnrétti borgaranna sem fram komi í 11. gr. stjórnsýslulaga hafi víðtækara gildissvið en fram komi í ákvæðinu. Þannig gildi hún m.a. við setningu stjórnvaldsfyrirmæla.

Til stuðnings fyrrgreindri málsástæðu stefnanda vísar stefnandi til þess að ótvírætt sé að innlán stefnanda hjá Straumi-Burðarási hafi verið algerlega sambærileg öðrum innlánnum hjá bankanum. Þá liggi fyrir að þau hafi notið ábyrgðar TIF á því tímamarki sem ráðstöfunin hafi átt sér stað, sbr. 9. gr. laga nr. 98/1999, sbr. og tryggingar skv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 og 3. febrúar 2009. Stefnandi vísar jafnframt til þess að við yfirtöku á innlendri starfsemi föllnu bankanna, þ.e. Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, og flutning á innstæðum yfir í nýju bankana, sem byggðir hafi verið á grunni hinna föllnu, hafi engar innstæður verið skildar eftir í gömlu bönkunum eða innstæðueigendum gert að lýsa kröfum sínum í bú gömlu bankanna. Það hafi því engu máli skipt hvernig til innstæðu hafði verið stofnað. Hið sama hafi gilt um yfirtöku FME á SpKef og Byr sparisjóði. Þó liggi fyrir að ýmsum samningum, sem ýmsar yfirteknar innstæður grundvölluðust á, hafi síðar verið rift.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að sú skylda hafi hvílt á FME að rannsaka málið áður en ákvörðunin var tekin samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga. Stefnandi byggir á því að til þess að rannsaka málið með viðhlítandi hætti hafi FME borið að leita eftir afstöðu stefnanda til áforma um að undanskilja sum innlán flutningi til Íslandsbanka. Fram hafi komið í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis um endurreisn viðskiptabankanna frá mars 2011 að leitað hafi verið samráðs við skilanevnd bankans, kröfuhafa, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Samkvæmt því hafi FME talið sér skylt að leita samráðs við hagsmunaaðila áður en til flutnings innstæðnanna kom. FME hafi hins vegar ekki leitað álits eða haft samráð við stefnanda sem þó hafi átt gríðarlega hagsmuna að gæta.

Stefnandi byggir enn fremur á því að sú ákvörðun FME að skilja innstæður stefnanda í Straumi-Burðarási, sem hafi ótvírætt fallið undir tryggingaryfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, undan flutningi til Íslandsbanka, hafi ekki stuðst við lögmæt sjónarmið og verið óþarflega íþyngjandi fyrir stefnanda sem eiganda að slíkri bankainnstæðu. Í þessu telur stefnandi að hafi falist brot á meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga. Þá hafi engin nauðsyn verið á því við yfirtöku FME á Straumi-Burðarási að láta undanþágu frá innköllun ekki einnig gilda um innstæður stefnanda hjá Straumi-Burðarási sem ekki voru fluttar til Íslandsbanka. FME hafi því gert innstæður stefnanda í bankanum háðar kröfufýsingu í slitabú bankans að viðlögðum vanlýsingaráhrifum sem hafi verið óþarflega íþyngjandi og raunar þarflaust þó að FME teldi ástæðu til að flytja ekki allar innstæður stefnanda yfir til Íslandsbanka. Í þessu telur stefnandi að hafi einnig falist brot á 12. gr. stjórnsýslulaga. Ákvörðun FME um að flytja ekki allar innstæður yfir til

Íslandsbanka og undanskilja þær innstæður sem sátu eftir ekki kröfulýsingarskyldu hafi verið með öllu órökstudd.

Með hliðsjón af framangreindu fær stefnandi ekki séð að lögmætt, samfélagslegt markmið hafi legið fyrir sem hafi réttlætt að FME viki frá fyrirmælum um að tryggja allar innstæður og gert stefnanda að sæta lakari réttarstöðu við yfirfærslu innstæðna í Straumi-Burðarási en aðrir innstæðueigendur hafi notið. Í ákvörðun FME 17. mars 2009 um ráðstöfun á eignum Straums-Burðaráss komi fram að ástæða þess að öll innlán stefnanda hjá bankanum hafi ekki verið flutt til Íslandsbanka hafi verið sú að gerningar að baki tilteknum innlánnum í Straumi-Burðarási kynnu samkvæmt áliti lögmanna bankans að vera riftanlegir. Það gat að mati stefnanda ekki skipt máli um það hvort innstæður stefnanda hjá Straumi-Burðarási nytu ríkistryggingar á þeim tíma sem FME tók framangreinda stjórnvaldsákvörðun um að tryggja innstæður í bankanum með flutningi þeirra til Íslandsbanka. Það eina sem hafi skipt máli í því sambandi hafi verið hvort innstæðan félli undir skilyrði tryggingar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem hún hafi gert. Það hvort einstakir gerningar milli bankans og stefnanda kunni að hafa verið riftanlegir hafi alfarið átt undir almenna dómstóla og að frumkvæði skilanevndar bankans, ef því var að skipta, en ekki FME. Ágreiningur um það hafi því ekki átt undir ákvörðunarvald FME enda hafi það ekki verið valdbært til að skera úr um það hvort einstakir samningar um stofnun innlana kynnu að varða riftun á grundvelli gjaldþrotalaga. Ótvírætt sé að FME hafi almennt ekki gert það að skilyrði við flutning innstæðna úr yfirteknum banka yfir í nýjan banka að riftunarmöguleiki einstakra gerninga væri ekki fyrir hendi. Í þessu sambandi beri að leggja áherslu á að engin fjárhagsleg áhætta hafi fylgt því fyrir íslenska ríkið að flytja allar innstæður stefnanda í Straumi-Burðarási yfir í Íslandsbanka enda hafi ágreiningur um riftanleika gerninga milli Straums-Burðaráss og stefnanda verið óviðkomandi FME og íslenska ríkinu og varðað einkaréttarlegan ágreining tveggja lögaðila. Sömuleiðis hafi verið ljóst að engin fjárhagsleg áhætta fyrir Straum-Burðarás hefði stafað af flutningi allra innstæðna stefnanda til Íslandsbanka þar sem fjárhagsstaða þeirra örfáu aðila sem kynnu að sæta riftun hafi verið mjög góð, þ.m.t. stefnanda sem hafi verið lífeyrissjóður. Ákvörðun FME um að undanskilja innstæður stefnanda flutningi til Íslandsbanka hafi því verið ómálefnaleg íhlutun í einkaréttarlegan ágreining milli skilanevndar Straums Burðaráss og lífeyrissjóðsins, auk þess að vera óþarflega íþyngjandi fyrir stefnanda og skort lögmætt markmið. Því hafi ákvörðun FME farið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga.

Stefnandi byggir á því að framangreind mismunun FME hafi a.m.k. haft þrjúþætt áhrif á réttarstöðu hans. Í fyrsta lagi hafi stefnandi ekki notið þeirra réttinda að fá innstæður sínar í Straumi-Burðarási fluttar óskertar yfir til Íslandsbanka eins og aðrir innstæðueigendur bankans sem og raunar allir innstæðueigendur í íslensku bönkunum fram til þessa. Stefnandi hafi því ekki notið sams konar ríkistryggingar á innstæðum sínum í bankanum og aðrir innstæðueigendur í íslenskum bönkum nutu, þ.m.t. í Straumi-Burðarási. Þetta hafi leitt til þess að innstæður stefnanda hjá Straumi-Burðarási hafi ekki verið honum aðgengilegar, eins og annarra innstæðueigenda.

Í öðru lagi hafi innstæðukrafa stefnanda verið háð kröfulýsingu hans í slitabú bankans að viðlögðum vanlýsingaráhrifum, sem þeir innstæðueigendur í bankanum, sem fengið höfðu innlán sín flutt til Íslandsbanka, hafi ekki þurft að þola. Hefðu innstæður stefnanda hjá Straumi-Burðarási verið undanþegnar

innköllun hefði fjártjón vegna vanlýsingar út af fyrir sig ekki getað orðið hjá stefnanda. Innstæðan hefði verið til staðar í bankanum þrátt fyrir slitameðferð Straums-Burðaráss og notið forgangs á grundvelli 112. gr. gjaldþrotalaga. Að mati stefnanda gildi einu þó að hann hefði getað komið innstæðukröfunni að með kröfulýsingu innan innköllunarfræsta, þar sem réttarstaða hans sem innstæðueiganda hafi verið gerð önnur og lakari en annarra aðila sem hafi átt innstæður við yfirtöku FME á Straumi-Burðarási. Það verði ekki metið stefnanda til sakar þó að lögmáður, sem falið hafði verið að lýsa kröfunni, hafi gert það of seint.

Í þriðja lagi telur stefnandi að ákvörðun FME hafi gert honum ókleift að ganga að innstæðum sínum í Íslandsbanka líkt og aðrir innstæðueigendur í Straumi-Burðarási. Hafi stefnandi mátt sæta því að eiga innlán sín undir viðurkenningu slitastjórnar Straums-Burðaráss og greiðslugetu bankans í slitameðferð. Í því hafi falist mismunun gagnvart stefnanda.

Kröfur stefnanda byggjast í fjórða lagi á því að hann hafi, á grundvelli ítrekaðra yfirlýsinga ríkisstjórnar Íslands um að innstæður í bönkum væru tryggðar, haft réttmætar væntingar um að öll hans innlán í Straumi-Burðarási yrðu tryggð af stefnda og fengju sömu meðferð og innstæður annarra í bönkum á Íslandi. Framangreind loforð ríkisstjórnarinnar, sem hafi verið bindandi, hafi gefið stefnanda réttmætt tilefni til væntinga um að bankainnstæður hans í Straumi-Burðarási yrðu að fullu tryggðar og yrðu honum ávallt til frjálsra afnota þrátt fyrir fall bankans. Enn fremur hafi stefnandi haft réttmætar væntingar um að ábyrgð ríkisstjórnarinnar á innstæðum hans yrði ekki takmörkuð af FME eða lægra settu stjórnvaldi. Stefnandi hafi því mátt sjá fyrir að innstæður hans yrðu meðhöndlaðar með sama hætti og annarra innstæðueigenda. Fyrir liggi að ákvörðun FME um að undaskilja greindar innstæður stefnanda flutningi til Íslandsbanka hafi einvörðungu komið niður á stefnanda og örfáum lífeyrissjóðum á meðan allir aðrir innstæðueigendur hafi notið loforða ríkisins um að innstæður yrðu að fullu tryggðar. Því geti ákvörðun FME ekki talist hafa verið almenn eða að jafnræðis hafi verið gætt við töku hennar. Meginreglan um að virða réttmætar væntingar setji framkvæmdavaldinu takmörk, m.a. að því er varði ákvarðanir sem til þess séu fallnar að skerða réttarstöðu borgaranna. Íþyngjandi íhlutun lægra setts stjórnvalds, sem sé til þess fallin að skerða einvörðungu réttarstöðu tiltekinna borgara eða lögaðila og í andstöðu við ákvarðanir æðra stjórnvalds, sé því í andstöðu við framangreinda meginreglu. Hafi stefnandi því haft réttmætar væntingar til þess að farið yrði með innstæðukröfu í eigu hans á tiltekinn hátt enda sé um að ræða kröfuréttindi sem njóti verndar 72. gr. stjkskr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Á framangreindum grunni beri stefndi ábyrgð á því að FME hafi haft réttmætar væntingar stefnanda að engu.

Í fimmta lagi byggir stefnandi á því að stefndi hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með því að hafa heimilað að hefja slitameðferð fjármálafyrirtækja í greiðslustöðvun með lagasetningu, sbr. lög nr. 44/2009. Það stangast að mati stefnanda á við skuldbindingar stefnda samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, enda sé sú tilhögun andstæð tilskipun 2001/24/EBE (hér eftir „tilskipunin“) sem íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til að innleiða á árinu 2002. Slitameðferð þessi hafi valdið stefnanda fjártjóni vegna þeirra vanlýsingaráhrifa sem hafi fylgt henni. Því beri stefndi skaðabótaábyrgð á fjártjóni stefnanda vegna þess að slitameðferðin hafi skert eignarréttindi hans og hafi stefndi þar með brotið gegn stjórnarskrárvernduðum eignarréttindum stefnanda, sbr. 72. gr.

stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í stefnu er gerð nánari grein fyrir þessari málsástæðu. Í stuttu máli þá byggir stefnandi á því að samkvæmt 9. gr. tilskipunarinnar verði slitameðferð í skilningi hennar að uppfylla a.m.k. tvö skilyrði. Annars vegar verði hún að hefjast fyrir úrskurð stjórnvalds eða dómstóls sem felur í sér að lánastofnun eða kröfuhafar, sem þurfi að þola slitameðferð, eigi málskotsrétt til að láta reyna á hvort ákvörðunin sé réttlætanagerleg. Hins vegar þurfi slitameðferð að uppfylla efnisreglur tilskipunarinnar.

Stefnandi vísar því næst til þess að í lögum nr. 44/2009, sem hafi tekið gildi í apríl 2009, hafi verið lögtekið bráðabirgðaákvæði, sem hafi heimilað fjármálafyrirtækjum, sem hafi haft dómsúrskurð um greiðslustöðvun, eins og Straumi-Burðarási, að fara í slitameðferð án undangengings dómsúrskurðar. Á þessum grundvelli hafi slitameðferð Straums-Burðaráss verið reist og slitastjórn bankans gefið út innköllun til kröfuhafa bankans að viðlögðum réttindamissi. Augljóst sé að mati stefnanda að greiðslustöðvunin hafi einungis verið til málamynda, til að mynda umgjörð utan um slitameðferð á bankanum. Frá þeim degi er Straumi-Burðarási hafi verið skipuð slitastjórn í apríl 2009 og þar til nauðasamningur bankans hafi verið staðfestur telur stefnandi að bankinn hafi í raun ekki verið í endurskipulagningarferli samkvæmt íslenskum lögum heldur í slitameðferð. Það komi að mati stefnanda skýrt fram í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 459/2011.

Stefnandi telur jafnframt að með lögtöku frumvarps til laga nr. 132/2010 hafi Alþingi viðurkennt í orði og verki að slitameðferð samkvæmt lögum nr. 44/2009, sbr. og lög nr. 125/2008 og 129/2008, væri ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um stofnun slitameðferðar og þ.a.l. óskuldbindingu fyrir alla á EES-svæðinu, þ.m.t. íslenska kröfuhafa. Í framhaldi af þessu hafi Glitnir, Kaupþing og Landsbankinn verið úrskurðaðir til slitameðferðar í nóvember 2010. Þar með hafi verið fullnægt ákvæðum tilskipunarinnar um stofnun slitameðferðar þessara banka. Byggir stefnandi á því að slitameðferð íslenskra banka skv. lögum nr. 44/2009 til þess tíma er þeir fengu dómsúrskurð um slitameðferð hafi verið „nullitet“ í skilningi tilskipunarinnar, eins og það er orðað í stefnu.

Stefnandi bendir á að nauðasamningur Straums-Burðaráss við þá kröfuhafa sína sem lýst höfðu kröfum samkvæmt innköllun slitastjórnar bankans hafi verið gerður á grundvelli slitameðferðar skv. lögum nr. 44/2009 og staðfestur þann 18. ágúst 2010, áður en lög nr. 132/2010 voru lögtekin. Straumur-Burðarás hafi því aldrei verið tekinn til slita með dómsúrskurði eins og tilskipunin áskilji.

Stefnandi telur því að Straumur-Burðarás hafi aldrei verið tekinn til slitameðferðar í skilningi tilskipunarinnar eða á grundvelli laga sem innleiddu tilskipunina. Lög nr. 44/2009, sem hafi heimilað bankanum að gefa út innköllun til kröfuhafa með vanlýsingaráhrifum, undir formerkjum slitameðferðar án þess að dómsúrskurður um slit lægi fyrir, hafi verið andstæð tilskipuninni. Lögin hafi því brotið gegn skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Brotið hafi leitt til þess að stefnanda hafi verið gert að sæta afleiðingum slitameðferðar sem byggði á löggjöf sem samræmduð hvorki tilskipuninni né þeim ákvæðum laga nr. 161/2001 um slitameðferð sem eigi uppruna sinn í tilskipuninni og innleidd hafi verið undir eftirliti Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir gildistöku laga nr. 44/2009.

Nauðasamningur Straums-Burðaráss hafi því byggst á slitameðferð sem hafi verið andstæð skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

Stefnandi getur þess að þegar Straumur-Burðarás hafi gert nauðasamning við kröfuhafa sína hafi formlega aðeins verið í gildi dómsúrskurður um endurskipulagningarráðstöfun í skilningi tilskipunarinnar, en ekki um slitameðferð, enda sé ekki heimilt samkvæmt tilskipuninni að tefla saman greiðslustöðvun og slitameðferð á sama tíma. Það hafi leitt til þess að um nauðasamninginn hafi átt að fara eftir VI. kafla gjaldþrotalaga, en ekki samkvæmt lögum nr. 161/2001 með þeim réttaráhrifum að innstæðukrafa stefnanda væri undanþegin nauðasamningi ef ákvæði laga nr. 44/2009 hefði ekki komið til. Þá hefði stefnandi fengið innstæður sínar að fullu greiddar, sbr. 28. gr. sömu laga, án kröfulýsingar. Jafnvel þó að krafa stefnanda hefði verið skilgreind sem skuldabréfakrafa á bankann hefði hún fengist greidd samkvæmt nauðasamningnum þó að henni hefði ekki verið lýst. Þessi aðferð íslenska ríkisins, að heimila Straumi-Burðarási slitameðferð í lögum nr. 44/2009, hafi því falið í sér brot á skyldum Íslands samkvæmt tilskipuninni. Það hafi leitt til þess að Straumur-Burðarás hafi getað borið fyrir sig vanlýsingaráhrif innköllunar til kröfuhafa á grundvelli 118. gr. gjaldþrotalaga gagnvart stefnanda sem bankinn hefði ella ekki getað gert.

Stefnandi byggir fébótaskyldu stefnda á því að íslensk stjórnvöld hafi gerst sek um alvarlega vanrækslu á skuldbindingum ríkisins við innleiðingu efnisákvæða framangreindrar tilskipunar. Telur stefnandi augljóst að orsakasamband sé á milli vanrækslu ríkisins við að innleiða efnisákvæði tilskipunarinnar um stofnun slitameðferðar og þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna vanlýsingaráhrifa slitameðferðar Straums-Burðaráss. Öll skilyrði til fébótaábyrgðar stefnda vegna brota á EES-rétti séu uppfyllt í þessu máli.

Í því sambandi tekur stefnandi fram að EFTA-dómstóllinn hafi slegið því föstu að EFTA-ríki geti orðið skaðabótaskyldt samkvæmt EES-samningnum, hvort sem um sé að ræða brot á skuldbindingum, sem leiði af afleiddri löggjöf, eða á skuldbindingum samkvæmt meginmáli EES-samningsins, séu tiltekin réttindi brotin. Við skýringu á því hvað teljist falla undir að vera „tiltekin réttindi“ stefnanda í þessu sambandi, beri að líta svo á að það teljist til réttinda í einkaréttarlegum skilningi að þurfa ekki að þola niðurfellingu á innstæðum eða öðrum fjárkröfum á hendur fjármálafyrirtæki undir formerkjum slitameðferðar nema því aðeins að slitameðferðin hefjist með dómsúrskurði eða stjórnarsýsluákvörðun eins og tilskipunin mæli fyrir um. Að sæta missi kröfuréttinda á grundvelli slitameðferðar, sem ekki sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, feli í sér að fjártjónið teljist vera bein afleiðing af vanrækslu ríkisins við innleiðingu tilskipunarinnar.

Í stefnu kveður stefnandi að fjártjón hans nemi fjárhæð þeirra innstæðna sem ekki hafi verið fluttar yfir til Íslandsbanka með ákvörðun FME 17. mars 2009 og hafi tapast á grundvelli slitameðferðar Straums-Burðaráss. Allar innstæður í Straumi-Burðarási sem hafi verið fluttar til Íslandsbanka hafi haldið umsömdum vaxtakjörum. Samkvæmt því hefðu innlánessamningar stefnanda haldið umsömdum vaxtakjörum fram til gjalddaga þeirra við yfirfærslu til Íslandsbanka. Stefnandi hafi þá átt innstæður samkvæmt fimm innlánessamningum sem ekki hafi verið fluttar yfir til Íslandsbanka. Stefnufjárhæðin sé fundin með eftirgreindum hætti:

Aðalkrafan sé reist á höfuðstól innlána stefnanda hjá Straumi-Burðarási miðað við 17. mars 2009 sem ekki hafi verið fluttar til Íslandsbanka. Ofan á höfuðstól einstakra ógjaldfallinna innlána séu reiknaðir samningsvextir til 16. nóvember 2012, er mánuður hafi verið liðinn frá því að stefnandi krafði stefnda um greiðslu, en ella frá gjalddaga samninganna hafi hann orðið fyrir 16. nóvember 2012, og vextir skv. 8. gr. vaxtalaga 38/2001 frá gjalddaga viðkomandi innláns til 16. nóvember 2012. Á þessum grunni sé aðalkrafan sundurliðuð með svofelldum hætti í stefnu:

**Innlánsnr. Höfuðstóll Samningsvxt. Verðbætur 8. gr. vextir  
Staða 16.11.2012**

LFI033595 2.959.450.707 641.223.363 933.500.622 20.388.793  
4.534.176692

LFI033680 277.764.608 35.453.566 55.264.177  
0 388.871.144

LFI033594 435.347.920 126.409.678 145.639.693  
52.878.371 707.397.291

SDT032326 295.000.000 35.268.889 0  
0 383.147.260

LFI033681 73.973.895 19.583.356  
24.171.437 117.728.688

Alls kr.

6.131.319.075

-

Varakröfuna miðar stefnandi við áfallna stöðu innlána hans hjá Straumi-Burðarási 17. mars 2009 sem ekki hafi verið fluttar til Íslandsbanka og sundurliðast hún með svofelldum hætti:

**Innlánsnr. Höfuðstóll Samningsvextir Verðbætur  
Staða 17.3.2009**

LFI033595 2.959.450.707 55.912.902  
170.236.632 3.185.600.241

LFI033680 277.764.608 4.822.302  
15.741.107 298.328.017

LFI033594 435.347.920 11.022.574  
11.022.574 471.570.974

SDT032326 295.000.000  
19.011.111 314.011.111

LFI033681                      73.973.895                      1.695.235  
4.215.043                      79.884.173

Alls

kr. 4.349.394.516

Stefnandi krefst vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi sem hann kveður hinn bótaskylda verknað hafa átt sér stað, þ.e. 17. mars 2009 til 12. nóvember 2012, er mánuður hafi verið liðinn frá því að stefnandi krafði stefnda um bætur, en dráttarvaxta frá þeim tíma samkvæmt III. kafla vaxtalaga, sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Til viðbótar við framangreint vísar stefnandi um lagarök til stjórnslulaga nr. 37/1993, einkum III. kafla laganna, til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga, almennra reglna skaðabótaréttar um saknæma og ólögmeta háttsemi sem og sérstakra reglna og sjónarmiða um skaðabætur vegna brota á EES-rétti. Þá vísar stefnandi til 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Um vexti vísar stefnandi til laga nr. 38/2001 og um málskostnað sé vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## *2. Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda að íslenska ríkið hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með því að flytja ekki umræddar innstæður til Íslandsbanka á grundvelli yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar. Stefndi bendir á að veturinn 2008 til 2009 hafi íslensk stjórnvöld gripið til margvíslegra aðgerða til að viðhalda fjármálastöðugleika á Íslandi og koma í veg fyrir keðjuverkandi vantraust og bankaáhlaup. Stjórnvöldum hafi ekki einungis verið heimilt að bregðast við á þennan hátt, heldur hafi þeim verið það skylt, eins og fram hafi komið í dómum Hæstaréttar í svokölluðum neyðarlagamálum, sbr. dóm Hæstaréttar 28. október 2011 í málinu nr. 340/211 og dóm Hæstaréttar frá 17. janúar 2013 í málinu nr. 169/2011. Einn af mikilvægustu þáttunum í þeim aðgerðum hafi verið að FME ráðstafaði tilteknum skuldbindingum fjármálafyrirtækja á fallanda fæti í samræmi við nýfengnar heimildir samkvæmt 5. gr. laga nr. 125/2008, neyðarlaganna svonefndu. Við þessar aðstæður hafi stjórnvöld haft víðtækt svigrúm til að meta í hvert og eitt sinn þörf á að ráðstafa skuldbindingum m.t.t. fjárhagslegs stöðugleika og hagsmuna kröfuhafa.

Stefndi byggir á því að umrædd yfirlýsing 6. október 2008 feli ekki í sér að einstaklingar eða fyrirtæki geti beint kröfum að ríkissjóði vegna innstæðna, sem þeir telji sig eiga, heldur einungis að ríkið muni sjá til þess að innstæðueigendur fari ekki halloka verði fjármálafyrirtæki tekið til slitameðferðar. Stefndi kveður að staða innstæðueigenda hafi í framkvæmd verið tryggð með því að innstæður í fjármálafyrirtækjum, sem hafi staðið höllum fæti og FME hafi tekið yfir vald hluthafafundar í, hafi verið fluttar til annarra fjármálafyrirtækja með ákvörðunum FME. Þannig hafi ríkið aldrei greitt út innstæður, heldur einbeitt sér að því að

tryggja stöðu innstæðueigenda með flutningi innstæðnanna.

Stefndi bendir á að með 6. gr. laga nr. 125/2008 hafi verið kveðið á um að við skipti á búi fjármálafyrirtækis skyldu kröfur vegna innstæðna samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta njóta réttthæðar skv. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þegar FME hafi tekið ákvörðun um ráðstöfun skuldbindinga Straums til Íslandsbanka hf. 17. mars 2009 hafi nokkrir mánuðir verið liðnir frá setningu neyðarlaganna. Á þeim tíma hafi komið í ljós að skuldabréfaeigendur hjá fjármálafyrirtækjum hafi í nokkrum mæli fengið kröfur sínar greiddar samkvæmt skuldabréfunum fyrir gjalddaga og fengið greiðslurnar í formi innlánsreikninga í því skyni að breyta stöðu og réttthæð krafna sinna. Í athugun lögmanns á vegum FME hafi komið fram að umræddar ráðstafanir væru riftanlegar samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. auk þess sem slík umbreyting kröfu væri riftanleg samkvæmt 137. gr. sömu laga. Einnig hafi legið fyrir álitgerð þriggja lögmannna, sem unnin hafi verið fyrir Straum, sem hafi verið samhljóða. Í þessu ljósi hafi FME tekið þá ákvörðun að flytja ekki innlán sem þannig voru til komin til Íslandsbanka.

Stefndi vísar því eindregið á bug að innlán stefnanda hafi notið ábyrgðar TIF á þeim tíma sem ráðstöfunin hafi átti sér stað. Innstæða sé skilgreind í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar sem innstæða sem sé til komin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Í ákvæðinu sé skýrlega tekið fram að tryggingin nái hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar séu af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa. Slitastjórn Straums hafi lýst því í bréfi til stefnanda 19. júní 2009 að hún teldi þá ráðstöfun, sem fólst í uppgreiðslu skuldabréfanna og innleggi á innlánsreikninga, vera riftanlega og með því hafi réttarsamband, sem hafi verið við lýði milli stefnanda og Straums á grundvelli skuldabréfanna, verið endurvakið. Ekki verði annað séð en að stefnandi hafi fallist á það sjónarmið í málalíbúnaði sínum í áðurgreindu hæstaréttarmáli nr. 459/2011 og að ráðstöfuninni hafi verið réttilega rift með yfirlýsingu slitastjórnar í áðurgreindu bréfi. Því ætti hann eingöngu kröfu á grundvelli skuldabréfa. Leiði það sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að fjárhæðir að baki uppgreiðslu skuldabréfanna teljist ekki til tryggðrar innstæðu samkvæmt lögum nr. 98/1999 og 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, enda falli hún ekki undir skilgreiningu á innstæðu. Því hafi stefnandi aldrei átt innstæðu hjá Straumi.

Þessu til stuðnings vísar stefndi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 162/2010, þar sem niðurstaðan í sambærilegu máli Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og máli nr. 163/2010 Gildis lífeyrissjóðs gegn Straumi, hafi orðið sú að fullnægt væri skilyrðum 134. gr. laga nr. 21/1991 til að rifta greiðslu, sem fólst í hliðstæðum kaupum Straums á skuldabréfum. Hafi Hæstiréttur meðal annars bent á að umræddar ráðstafanir, sem gerðar hafi verið innan sex mánaða fyrir frestdag við slit Straums, hefðu miðað að því að eigandi skuldabréfanna fengi forgangsrétt gagnvart hliðsettum lánardrottnum, sem hann hefði ella ekki notið. Þá vísar stefndi til bréfs TIF frá 4. janúar 2013 þar sem hafnað er kröfu stefnanda um greiðslu á jafnvirði innstæðu hans hjá Straumi þar sem ekki hefði verið um innstæðu að ræða samkvæmt 1. og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999.

Stefndi telur að jafnvel þótt riftunaryfirlýsingin frá 19. júní 2009 yrði ekki talin hafa skuldbundið stefnanda sé ljóst að ekki sé um tryggða innstæðu að ræða samkvæmt framangreindum lögum í ljósi riftanleika ráðstöfunarinnar að baki tilurð innlánsins. Af sömu ástæðum hafi krafa stefnanda ekki fallið undir yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands um tryggingu á innstæðum frá 6. október 2008. Hafi kröfu stefnanda samkvæmt skuldabréfi með ólögmatum og riftanlegum hætti verið breytt í innstæðu eftir að framangreind yfirlýsing hafi verið gefin. Hafi yfirlýsingin augljóslega ekki átt að taka til innstæðna á borð við þá sem stefnandi hafi eignast eftir það tímamark með umbreytingu kröfu úr skuldabréfum í innlán.

Stefndi byggir jafnframt á því að hafi stefnandi ekki viljað una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 17. mars 2009 hefði honum borið að höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Samkvæmt 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, hefði hann þurft að höfða slíkt mál innan þriggja mánaða frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina. Þetta hafi stefnandi ekki gert og sé því við þá ákvörðun FME bundinn.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur stefndi að það fái ekki staðist að FME hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda. Ekki hafi verið um tryggða innstæðu að ræða. Þá hafi háttsemi FME, að skilja innlán stefnanda eftir í Straumi, ekki falið í sér saknæma og ólögmatá háttsemi. Að auki séu hvorki orsakatengsl milli háttsemi FME og hugsanlegs tjóns stefnanda né vávæn tengsl. Allt tjón stefnanda eigi rætur að rekja til eigin sakar stefnanda sjálfs, þar sem honum hafi láðst að lýsa kröfu sinni í tæka tíð við slitameðferð Straums með þeim afleiðingum að hún hafi fallið niður fyrir vanlýsingu.

Í tilefni af þeirri málsástæðu stefnanda að FME hafi brostið vald til þess að fara gegn yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, þar sem um stjórnvaldsfyrirmæli æðra stjórnvalds hafi verið að ræða, mótmælir stefndi því að yfirlýsingin geti talist til stjórnvaldsfyrirmæla. Í því sambandi áréttar stefndi á að yfirlýsingin 6. október 2008 hafi verið gefin til að auka traust almennings og fyrirtækja á fjármálakerfinu og koma í veg fyrir stórfelldar úttektir innstæðueigenda af reikningum sínum. Yfirlýsingin hafi ekki verið sett með stoð í lögum og hafi ekki verið birt í Stjórnartíðindum. Því hafi aðeins verið um viljayfirlýsingu ríkisstjórnar að ræða sem hafi staðið frammi fyrir fordæmalausum aðstæðum þar sem allt bankakerfi landsins hafi ríðað til falls og ljóst hafi verið að án róttækra aðgerða myndi skapast hætta á áhlaupi á banka landsins.

Samkvæmt framansögðu byggir stefndi á því að FME hafi ekki brotið gegn stjórnvaldsfyrirmælum með ákvörðun sinni 17. mars 2009. Þvert á móti hafi ákvörðunin verið reist á skýrri lagaheimild sem FME hafi verið veitt með neyðarlögum á árunum 2008 og 2009. Í dómum Hæstaréttar hafi komið fram að með neyðarlögum hafi verið gerðar veigamiklar breytingar á íslenskum lögum, sem hafi meðal annars falist í því að stjórnvöldum, fyrst og fremst FME, hafi verið veittar umfangsmiklar valdheimildir sem ekki væru dæmi um að íslensku stjórnvaldi hafi áður verið fengnar í hendur. Vísar stefndi einkum til dóms Hæstaréttar í máli nr. 340/2011 í þessu sambandi. Hafi rétturinn talið að virða verði einstakar ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins, sem teknar hafi verið á grundvelli laganna, í ljósi þessa, og að ákvarðanir um skipun skilanefnda og ráðstöfun eigna bankanna hafi verið teknar á grundvelli skýrra og ótvíræðra valdheimilda sem

stofnuninni hafi verið veittar með lögum nr. 125/2008. Stefndi vísar einnig til dóms í máli nr. 169/2011, þar sem ákvörðun um að flytja ekki inneign til nýs banka hafi verið talin vera reist á stjórnskipulega gildum lögum og rúmast innan valdheimilda FME, sem og dóms í máli nr. 596/2012.

Stefndi byggir enn fremur á því að ráðstöfun skuldbindinga Straums til Íslandsbanka hafi verið lögmæt og að jafnræðis, meðalhófs og rannsóknarskyldu hafi verið gætt í hvívetna við töku hennar. Hafi mat FME um riftanleika umræddra ráðstafana verið staðfest í tveimur dómum Hæstaréttar í málunum nr. 162 og 163/2010. Ekki fái staðist að FME hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefndi bendir einnig á að andmælaréttur hafi ekki átt við, eins og stefnandi virðist byggja á. Vísar stefndi þar til aðstæðna og eðlis ákvörðunarinnar. Óframkvæmanlegt hafi verið að leita eftir afstöðu allra hagsmunaaðila áður en ákvörðunin hafi verið tekin. Þá hafi meðalhófs verið gætt við ákvörðunartökuna og vísar stefndi um þessi atriði til framangreindra dóma Hæstaréttar þar sem fjallað hafi verið um gildi ákvarðana sem FME hafi tekið á grundvelli neyðarlaganna. Þá vísar stefndi til þess að stefnandi hafi fengið nákvæmlega sömu meðferð og aðrir þeir sem hafi verið í sömu stöðu og því hafi stefnanda ekki verið mismunað með ólögmætum hætti við yfirfærslu innlána frá Straumi til Íslandsbanka hf.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi verið kröfuhafi Straums og ekki átt lagalegan rétt á því að fá stöðu sína bættu. Tilteknar aðgerðir stjórnvalda í því skyni að vernda fjármálalegan stöðugleika geti ekki búið til ný réttindi eða bakað bótaskyldu gagnvart þeim sem séu í óbreyttri stöðu og áður. Það felist ekki í jafnræðisreglunni. Stefnandi hafi fengið sömu meðferð og aðrir kröfuhafar Straums sem hafi verið í sambærilegri stöðu og hann í samræmi við meginregluna um jafnræði kröfuhafa. Ekki fái staðist að stefnandi hafi verið í stöðu sem jafna megi við stöðu eigenda hefðbundinna innlána við áðurgreinda yfirfærslu á innlánunum. Um það vísar stefndi til fyrrgreindra röksemda um tilurð innstæðunnar og riftanleika þeirrar ráðstöfunar sem lagði grunn að henni. Stefnandi hafi ekki átt innstæðukröfu á hendur Straumi og hafi FME þar af leiðandi verið bæði rétt og skylt að ákveða að flytja innlánið ekki yfir til Íslandsbanka hf. fremur en innlán annarra aðila sem eins hafi staðið á um. Telur stefndi að ákvörðun um annað hefði í raun leitt til ólögmætrar auðgunar þeirra sem breyttu skuldabréfum sínum í innlán, á kostnað annarra almennra kröfuhafa sem ekki hafi gert það, enda hafi verið stofnað til veðtryggðrar skuldar slitabúsins vegna þeirra innlánskrafna sem fluttar hafi verið til Íslandsbanka.

Stefndi vísar því eindregið á bug að ekki séu þekkt önnur dæmi um mismunandi meðferð innstæðueigenda við flutning á innstæðum í öðrum fjármálafyrirtækjum til nýrra banka. Í öllum ákvörðunum FME um ráðstöfun eigna og skulda fjármálafyrirtækja, sem FME hafi tekið yfir vald hluthafafundar í, hafi verið kveðið á um það að ekki skyldi flytja innstæður sem undanþegnar væru tryggingu samkvæmt lögum nr. 98/1999. Innstæða stefnanda hafi ekki verið tryggð samkvæmt lögnum og hafi stefnandi hlotið sömu meðferð og aðilar í sambærilegri stöðu. Hafi innstæður verið fluttar til nýrra banka þrátt fyrir riftanleika að baki tilurð þeirra, t.d. vegna skorts á upplýsingum, geti það ekki veitt stefnanda rétt til hins sama.

Stefndi bendir á að markmiðið með ákvörðun FME 17. mars 2009 hafi meðal annars verið að tryggja virkni greiðslukerfa og bankastarfsemi í landinu. Þetta markmið hefði ekki náðst, eins og málum var komið, nema með því að flytja hefðbundnar innstæður yfir í nýja banka og ákveða rétt hæð innstæðna við slit fjármálafyrirtækja eins og gert hafi verið. Til að ná markmiði um starfhæft banka- og greiðslukerfi hafi það verið mat löggjafans að veita yrði innstæðum forgang við slit fjármálafyrirtækja og skapa þannig traust innstæðueigenda á nýju bönkunum og koma þannig í veg fyrir bankaáhrif. Ljóst sé að þessi sjónarmið eigi á engan hátt við um innstæðu stefnanda. Hún hafi verið til komin vegna ákvörðunar stefnanda og Straums um að greiða upp skuld samkvæmt skuldabréfi fyrir gjalddaga þess og stofna í staðinn bundið innlán til umsamins gjalddaga skuldabréfsins. Straumur hafi þannig ekki þurft að óttast að stefnandi myndi ganga að fjármuninum og þannig ganga á laust fé Straums. Að þessu athuguðu hafi ákvörðun FME um að færa innstæðu stefnanda ekki yfir til Íslandsbanka hf. verið í fullu samræmi við heimild 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Ákvörðunin hafi verið málefnaleg og verið reist á skýrri lagaheimild. Einnig áréttar stefndi að samkvæmt 8. mgr. 5. gr. neyðarlaganna hafi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnarsýslulaga ekki gilt um málsmeðferð og töku ákvarðana FME samkvæmt þeirri grein. Því hafi t.d. ekki hvílt skylda á FME að rökstyðja ákvörðun þá sem stefnandi byggir kröfu sína á.

Stefndi telur að umfjöllun í stefnu sé ákaflega vandskilin um að FME hafi verið beittur ólögumætri mismunum með því að honum hafi verið gert að lýsa kröfu sinni við slitameðferð Straums. Það sé alveg ljóst að það fyrirkomulag sé lögbundið og að það sé ekki á valdi FME að veita undanþágu þar frá. Slíkar málsmeðferðarreglur leiði ekki til bótaskyldu, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2013 í málinu nr. 596/2012 og dóma sem þar sé vísað til. Skilyrði skaðabótaskyldu íslenska ríkisins séu því ekki uppfyllt. Stefndi áréttar í því sambandi að ákvörðun FME að skilja innlán stefnanda eftir í Straumi hafi ekki falið í sér saknæma og ólögumæta háttsemi og að önnur skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi. Allt hugsanlegt tjón stefnanda megi rekja til eigin sakar stefnanda. Þá sé réttarsamband og meint háttsemi lögmannsins, sem stefnandi saki um að hafa lýst kröfunni og seint, stefnda algerlega óviðkomandi.

Stefndi vísar því einnig alfarið á bug að réttmætar væntingar hans skjóti stoðum undir kröfugerð hans. Fráleitt sé að stefnandi geti byggt á því að hann geti haft réttmætar væntingar um að innlán, sem hafi verið til komin vegna riftanlegrar uppgreiðslu skuldabréfa fyrir gjalddaga, yrðu tryggð af hálfu íslenska ríkisins. Þaðan af síður geti það átt við um innlánskröfur sem hafi fallið niður vegna vanlýsingar.

Stefndi tekur fram að réttmætar væntingar geti fyrst og fremst komið til álita og skoðunar þegar tiltekinni stjórnarsýslufrákvæmd er breytt. Eins og áður sé rakið hafi yfirfærsla FME á innlánnum í Straumi til Íslandsbanka verið í fullkomnu samræmi við fyrri ákvarðanir, enda hafi einungis innlán verið flutt yfir sem notið hafi tryggingar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Stefndi geti því ekki borið fyrir sig að hann hafi haft réttmætar væntingar til þess að allar innstæður væru tryggðar af hálfu íslenska ríkisins, óháð því hvort þær teldust til tryggðra innstæðna samkvæmt lögum.

Stefndi áréttar að tryggðum innstæðum hafi verið veittur forgangur við slit fjármálafyrirtækja með neyðarlögunum. Á þeim grundvelli hafi stefnandi ákveðið að gera ráðstafanir til þess að breyta réttthæð skuldabréfakröfu sinnar og öðlast með því aukna réttarvernd á kostnað annarra kröfuhafa sem augljóslega hafi falið í sér riftanlega ráðstöfun samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Ekki verði séð að hann hafi getað haft réttmætar væntingar til þess að sú breyting stæðist að lögum. Vísast um það til ákvæða laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og þeirra sjónarmiða sem rakin hafi verið hér að framan auk dóma Hæstaréttar í máli nr. 162/2010 og 163/2010.

Um málsástæðu stefnanda er lýtur að ætluðu broti stefnda á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB tekur stefndi fram að tilskipunin byggist á þremur megin sjónarmiðum, þ.e. einingu, algildi og jafnræði, eins og rakið sé í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 130/2004. Megintilgangur tilskipunarinnar hafi verið að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, samvinnu um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana og vissa lágmarkssamræmingu landsreglna um þessi atriði. Hafi tilskipunin gilt um lánastofnanir og útibú þeirra með staðfestu í aðildarríkjum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið öðrum en ríkjum þar sem aðalskrifstofa þeirra væri.

Stefndi vísar til þess að í tilskipuninni sé fjallað um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana. Með endurskipulagningu í tilskipuninni sé átt við ráðstafanir sem ætlað sé að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt ástand aftur og geta haft áhrif á gildandi réttindi þriðja aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturádstafana eða lækkun á kröfum. Slit lánastofnunar séu hins vegar skilgreind sem heildarmálsmeðferð, sem stjórnvöld eða dómstólar aðildarríkja opni og hafi eftirlit með, og hafi það að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara yfirvalda, þ.m.t. þegar málsmeðferðin er stöðvuð með nauðasamningum eða annarri viðlíka ráðstöfun.

Stefndi bendir á að samkvæmt 7. gr. EES-sammingsins séu EFTA-ríkin skuldbundin til að taka upp í landsrétt tilskipanir sem teknar hafi verið upp í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Það sé hins vegar skýrt að stjórnvöldum hvers ríkis er falið val um efni og form innleiðingarinnar. Í því felist að ríkin séu skuldbundin til að haga löggjöf sinni þannig að markmiðum tilskipana verði náð, en ríkjunum sé fengið sjálfðæmi um val á formi og aðferð. Þeim beri því að tryggja að ekki séu í gildi ákvæði landsréttar sem fari gegn ákvæðum tilskipunar eða ákvæði sem hafa truflandi áhrif á góða framkvæmd viðkomandi markaðar. Tilskipun 2001/24/EB feli aðeins í sér lágmarkskröfur að þessu leyti.

Stefndi tekur fram að fyrrgreindar skilgreiningar á endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð fjármálafyrirtækis sé að finna í 2. gr. tilskipunarinnar. Þá vísar stefndi til þess að meginmarkmið tilskipunarinnar komi m.a. fram í inngangsákvæðum hennar og séu þau til skýringar á efni hennar. Stefndi telur að ráða megi af 6., 7., 8. og 14. lið inngangsákvæðanna að markmið tilskipunarinnar sé að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð sem stjórnvöld og

dómsmálayfirvöld heimaríkis hafi ein vald til þess að ákveða og framkvæma samkvæmt gildandi lögum og venjum í því aðildarríki. Þá sé það markmið tilskipunarinnar að tryggja jafnræði kröfuhafa á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og sé því markmiði náð með því að láta ein lög, þ.e. lög heimaríkisins, gilda um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferðir. Þá megi sjá af aðfaraorðum tilskipunarinnar að henni sé ekki ætlað að samþætta löggjöf aðildarríkja um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Tilskipunin kveði hvergi á um það hvaða úrræði eða aðgerðir felist beint í endurskipulagningu eða slitameðferð enda sé það heimaríkjanna að ákveða slíkt. Öðrum ríkjum beri að viðurkenna þessar aðferðir hverjar sem þær eru. Þannig sé ekki lögð áhersla á það í tilskipuninni að þessar ráðstafanir séu ákvarðaðar með einhverjum sérstökum hætti af ákveðnum stjórnvöldum og dómsyfirvöldum heimaríkisins, heldur að slíkar ákvarðanir séu ekki teknar af einstaklingum eða yfirvöldum annarra aðildarríkja.

Stefndi hafnar þeim skilningi stefnanda að slitameðferð Straums-Burðaráss hafi stangast á við tilskipunina þar sem endurskipulagsráðstafanir og slitameðferð verði að uppfylla þau tvö skilyrði sem stefnandi vísi til. Í þessu sambandi tekur stefndi fram að endurskipulagningarferli Straums-Burðaráss, sbr. 3. mgr. 98. gr. laga nr. 161/2002, hafi hafist með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2009 um greiðslustöðvun. Félagið hafi hafið slitameðferð hinn 11. maí 2009 með ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur um skipun slitastjórnar. Sú ákvörðun hafi byggst á ákvæðum 1. og 3. töluliðar 2. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki., sbr. 5. gr. og 4. tölulið II. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 44/2009. Af þessari lagatilvísun héraðsdóms telur stefndi augljóst að í kjölfar skipunar slitastjórnar skyldi Straumur tekinn til slitameðferðar. Þannig hafi verið uppfyllt það, sem stefnandi telji vera skilyrði tilskipunarinnar, að stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld ákveði hvenær slitameðferð skuli hefjast. Tilskipunin fjalli ekki um það með hvaða hætti slík stjórnvöld skuli ákveða að slitameðferð hefjist og eftirláti aðildarríkjum augljóslega val um aðferð. Stefndi fellst þannig ekki á þann skilning stefnanda að gera þurfi ítarlegri kröfur til þess að slitameðferð hefjist „fyrir úrskurð stjórnvalds eða dómstóls“. Því hafi upphaf endurskipulagningar og ákvörðun um slitameðferð Straums verið í fullu samræmi við tilskipun 2001/24/EB.

Stefndi telur að framangreindur skilningur hafi verið staðfestur í dómi Evrópudómstólsins í máli nr. C-85/12 sem kveðinn hafi verið upp 24. október 2013. Þar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga nr. 161/2002, eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 44/2009, væru í samræmi við tilskipun 2001/24/EB.

Stefndi telur heldur ekki vera hald í málsástæðu stefnanda um að endurskipulagsráðstafanir og slitameðferð megi ekki fara fram á sama tíma af þeirri ástæðu að svo hafi aldrei verið. Að þessu leyti vísar stefndi til úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2009 um greiðslustöðvun og töku félagsins til slitameðferðar með skipun Héraðsdóms Reykjavíkur á slitastjórn 11. maí 2009.

Stefndi hafnar því að greiðslustöðvun Straums hafi verið til málamynda eða hafi á nokkurn hátt brotið gegn íslenskum lögum eða efni tilskipunar 2001/24/EB. Vísar stefndi um það til þess sem áður segir og dóms Evrópudómstólsins í máli nr. C-85/12. Þá vísar stefndi því á bug að með 2. gr. laga nr. 132/2010 hafi löggjafinn viðurkennt að slitameðferð íslensku bankanna samkvæmt lögum nr. 44/2009, sbr. lög nr. 125/2008 og lög nr. 129/2008, hafi ekki verið í samræmi við formskilyrði

tilskipunarinnar. Um það vísar stefndi til athugasemda í frumvarpi til laganna þar sem fram komi að lögin hafi verið sett til að eyða vafa sem risið hafi um aðkomu dómstóla að slitameðferð fjármálafyrirtækja.

Stefndi hafnar því enn fremur að skilyrði bótaskyldu íslenska ríkisins sé fyrir hendi á þeim grundvelli sem stefnandi byggir á. Í fyrsta lagi hafi landsréttur ekki verið ranglega lagaður að ákvæðum tilskipunarinnar. Í öðru lagi sé ekki uppfyllt það skilyrði bótaskyldu að tilskipunin mæli fyrir um tiltekin réttindi til handa stefnanda. Stefnandi haldi því fram að það teljist til réttinda að þurfa ekki að þola niðurfellingu á kröfum á hendur fjármálafyrirtækjum í slitameðferð nema því aðeins að með slitameðferðinni sé farið eins og kveðið sé á um í tilskipuninni. Ekki sé unnt að fallast á þetta, enda hefði stefnandi notið sama réttar hvort sem kveðið hefði verið á um slitameðferð Straums með sérstökum úrskurði eða ekki. Í þriðja lagi sé ekki orsakasamband á milli innleiðingar á tilskipuninni og ætlaðs tjóns stefnanda. Bera verði saman þá atburðarás sem hafi orðið og þá sem hefði orðið ef tilskipunin hefði verið innleidd samkvæmt mati stefnanda fá hún á annað borð staðist. Hefði tilskipunin verið innleidd þannig að slitameðferð Straums hefði hafist með sérstökum úrskurði sé ljóst að stefnandi hefði verið eins settur, þ.e. hann hefði þurft að lýsa kröfu sinni við slitameðferð Straums til að halda rétti sínum gagnvart Straumi. Ekkert bendi til þess að stefnandi hefði frekar lýst kröfu sinni í slitameðferð Straums á réttum tíma hefði slitameðferðin hafist með úrskurði. Tjón stefnanda sé því ekki afleiðing af innleiðingu tilskipunarinnar heldur afleiðing þess að stefnandi hafi lýst kröfu sinni of seint við slitameðferð Straums. Allt tjón stefnanda sé því alfarið að rekja til þess að stefnandi hafi ekki lýst kröfu sinni í slitameðferðina innan kröfulýsingarfrests.

Verði komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi einhvern tíma átt einhverja kröfu á hendur ríkissjóði byggir stefndi á því að með aðgerðaleyfi sínu hafi stefnandi fyrir tómlæti og fyrningu fyrirgert öllum þeim rétti sem hann kunni að hafa átt. Til stuðnings því vísar stefndi til þess að stefnandi hafi ekki gert neinar athugasemdir við ákvarðanir FME á þeim tíma sem þær hafi verið teknar 17. mars 2009 um að þessar innstæður hans flyttust ekki til Íslandsbanka og hafi ekki krafist ógildingar þeirra ákvarðana innan lögbundins þriggja mánaða málshöfðunarfrests, sbr. 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Stefnandi hafi borið að höfða slíkt mál hafi hann talið annmarka á ákvörðuninni. Þetta hafi stefnandi hins vegar ekki gert og sé því bundinn við þær ákvarðanir FME. Þá hafi krafa stefnanda fallið niður 18. júlí 2009 vegna vanlýsingar. Mál þetta hafi ekki verið höfðað fyrir en með birtingu stefnu 30. ágúst 2013, en þeir atburðir sem meint bótaskylda íslenska ríkisins sé reist á hafi orðið í mars 2009, eða rúmum fjórum árum áður, og sé krafa stefnanda því fallin niður fyrir fyrningu sbr. 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. fyrningalaga nr. 150/2007.

Með vísan til þess sem að framan er rakið byggir stefndi á því að sýkna beri hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda krefst hann til vara stórkostlegrar lækkunar stefnukrafnanna. Í því sambandi er byggt á framangreindum sjónarmiðum og á því byggt að stefnandi verði vegna eigin sakar að bera tjón sitt að stærstum hluta sjálfur. Þá telur hann bótakröfur stefnanda óljósar og vanreifaðar. Hafi hann ekki sýnt fram á að tjón hans nemi sömu fjárhæð og innstæður þær sem hann hafi átt í Straumi.

Stefndi byggir jafnframt á því að misræmi sé í gögnum sem stafi frá stefnanda um það hver hafi verið höfuðstóll þeirra innlánsreikninga sem kröfur hans byggja á. Í stefnu á bls. 21 sé krafist, bæði í aðal og varakröfu, sama höfuðstóls, en hærri en lýst hafi verið í kröfulýsingarbréfi til slitastjórnar að undanskildum höfuðstól að fjárhæð 73.973.895 kr. skv. stefnu. Í kröfulýsingu stefnanda til slitastjórnar Straums, sem hafi borist of seint, sé þannig höfuðstól kröfu, sem sagður er í stefnu nema 2.959.450.707 krónum, lýst í 3. lið að fjárhæð 2.900.000.000 króna, höfuðstól kröfu, sem sagður er nema 277.764.608 krónum í stefnu, sé lýst í 4. lið að fjárhæð 200.000.000 króna, höfuðstól kröfu, sem sagður er nema 435.347.920 krónum í stefnu, sé lýst í 5. lið að fjárhæð 400.000.000 króna, og höfuðstól kröfu, sem sagður er nema 295.000.000 króna í stefnu og sem sýnist vera skilgreint sem peningamarkaðsinnlán, sé í 6. og 7. lið í kröfulýsingu lýst að höfuðstól samtals að fjárhæð 200.000.000 króna. Stefndi mótmælir því að miðað verði við hærri höfuðstól vegna þessara krafna en tilgreint hafi verið í kröfulýsingarbréfi eða vegna kröfu að fjárhæð 73.973.895 krónur samkvæmt stefnu. Jafnframt mótmælir hann því að peningamarkaðsinnlán að fjárhæð 295.000.000 króna samkvæmt stefnu eða að fjárhæð 200.000.000 króna skv. kröfulýsingarbréfi geti hvað svo sem öðru líði komið til álita.

Stefndi mótmælir einnig öllum kröfum stefnanda sem fela í sér að á höfuðstól bóta reiknist samningsvextir og verðbætur. Kröfum um vexti samkvæmt 8. gr. vaxtalaga er mótmælt af hálfu stefnda og krafist sýknu af þeim kröfum. Þá telur hann ljóst að allar kröfur þar að lútandi frá fyrri tíma en 30. ágúst 2009 séu hvað svo sem öðru líði fallnar niður fyrir fyrningu, sbr. 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Stefndi mótmælir einnig kröfum stefnanda um dráttarvexti og krefst þess að þeir dæmist ekki frá fyrri tíma en dómsuppsögu.

Þá krefst stefndi að til frádráttar skaðabótakröfu komi verðmæti þess sem stefnandi hefði fengið sem aðili að nauðasamningi Straums ef hann hefði lýst kröfu sinni innan kröfulýsingarfrests. Ekki fái staðist að tjón geti numið hærri fjárhæð en hann hefði fengið við nauðasamning. Hefði staða stefnanda verið sem kröfuhafa skv. 113. og 114. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. við nauðasamninginn ætlaði slitastjórn Straums að almennir kröfuhafar gætu vænst þess að fá um 50% endurheimtur af kröfum sínum.

Stefndi krefst þess einnig að greiðslur sem stefnandi hafi fengið úr ábyrðartryggingu lögmanns síns vegna vanlýsingar kröfunnar komi til frádráttar þeim bótum sem honum kynni að verða gert að greiða. Skoraði stefndi á stefnanda að leggja fram öll gögn er að því lutu.

#### IV.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á þeirri meginforsendu að hann hafi átt innstæðu hjá Straumi Burðarási Fjárfestingabanka hf. þegar eignum og skuldbindingum bankans var með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 17. mars 2009 ráðstafað til Íslandsbanka hf. Stefndi er á öndverðum meiði. Telur hann að í raun hafi verið um skuldabréfakröfur að ræða sem ekki hafi fallið undir yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008 eða síðari yfirlýsingar sem áréttuðu þá

fyrri.

Á þeim tíma er atvik urðu var innstæða skilgreind í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/199 um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta þannig að átt væri við innstæðu sem væri til komin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almenntri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði beri að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gildi samkvæmt lögum eða samningum. Sérstaklega var tekið fram að tryggingin tæki ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem væru gefnar út af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Eins og stefndi vikur að í greinargerð sinni voru Fjármálaeftirlitinu veittar með lögum nr. 125/2008 umfangsmiklar heimildir til að bregðast við þeim fordæmalausu aðstæðum sem þá voru uppi í fjármála- og efnahagslífi á Íslandi, eins og nánar er rakið í dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 340/2011 og 169/2011. Þá var með lögnum gerð sú breyting á 103. gr. laga nr. 161/2001 um fjármálafyrirtæki að við skipti á búi fjármálafyrirtækis nytu kröfur vegna innstæðna, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, rétt hæðar samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Ekki var með beinum hætti fjallað um það í lögnum með hvaða hætti innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum yrðu tryggðar að fullu, eins og fyrrgreind yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hljóðaði um. Eftir setningu laganna kom hins vegar í ljós að það var gert með því að Fjármálaeftirlitið ráðstafaði innstæðukröfum, sem hvílt höfðu á því fjármálafyrirtæki, sem stofnunin tók yfir reksturinn á með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, til annars fjármálafyrirtækis, er tók jafnframt við stórum hluta af daglegum rekstri þess sem riðaði til falls.

Gögn málsins bera með sér að stefnandi hafi átt kröfur á hendur Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf. á grundvelli skuldabréfa en ekki innstæðukröfur á þeim tíma sem fyrrgreind lög nr. 125/2008 voru sett og Fjármálaeftirlitið greip til þeirra ráðstafana sem lögin kváðu á um gagnvart þremur stærstu viðskiptabönkum landsins. Í kjölfar lagasetningarinnar samdi stefnandi við bankann um að greiða skuldabréfin fyrir gjalddaga og leggja andvirði þeirra inn á bundinn innlánsreikning. Af skýrslu Kára Arnórs Kárasonar, framkvæmdastjóra stefnanda, fyrir dómi verður ekki annað ráðið en að stefnandi hafi samþykkt ráðstöfunina í ljósi þess að innstæður áttu að vera tryggðar og njóta forgangs fram yfir almennar kröfur við slit fjármálastofnana.

Stefnandi hafnaði í fyrstu þeirri afstöðu slitastjórnar Straums-Burðaráss að greiðsla skuldabréfanna í þessu augnamiði væri riftanleg og lýsti innstæðukröfum í slitabú bankans. Þar sem krafan barst að liðnum kröfulýsingarfresti hafði slitastjórn bankans enga hagsmuni af því að fylgja eftir framangreindri afstöðu sinni. Eðlilega var ágreiningsmáli um riftun á greiðslu skuldabréfa stefnanda því aldrei vísað til dómstóla.

Eins og þegar hefur verið vikið að voru hliðstæðar greiðslur á skuldabréfakröfum tveggja annarra lífeyrissjóða rift, sbr. dóma Hæstaréttar 16. apríl 2010 í málunum nr. 162/2010 og 163/2010. Stefnandi hefur ekki fært rök fyrir því að önnur sjónarmið eigi við um greiðslur á skuldabréfakröfum hans. Gat greiðsla á stórfelldum skuldum bankans við stefnanda löngu fyrir gjalddaga þeirra því engan veginn talist venjuleg, meðal annars í ljósi þess að kröfunum var breytt í bundin

innlán í því skyni að hann öðlaðist forgangsrétt fyrir kröfum sínum gagnvart öðrum lánardrottnum. Með yfirlýsingu stefnanda í stefnu í máli hans gegn ALMC hf., sem lauk með dómi Hæstaréttar 10. maí 2011 í málinu nr. 459/2011, féllst hann á að greiðslunum hefði verið rift. Byggði hann á því að kröfurnar væru, á þeim tíma sem málið var höfðað, ekki lengur innstæðukröfur heldur væru þær reistar á fyrrgreindum skuldabréfum.

Draga má í efa að málatilbúnaður hans nú, þess efnis að um innstæðukröfur hafi verið að ræða, samrýmist framangreindri yfirlýsingu stefnanda í fyrrgreindu máli gegn ALMC hf. Til þess ber þó að líta að stefnandi virðist í yfirlýsingu sinni telja að greiðslunum hafi verið rift með bréfi slitastjórnar 19. júní 2009. Málatilbúnaður stefnanda í þessu máli byggist á því að þremur mánuðum fyrr hafi Fjármálaeftirlitinu verið óheimilt að undanskilja kröfur hans á hendur Straumi-Burðarási þegar innstæðukröfur í bankanum voru fluttar til Íslandsbanka. Þó að greiðslur þær sem lágu að baki innstæðum stefnanda hafi sannanlega verið riftanlegar verður eftir sem áður að taka til athugunar hvort óheimilt hafi verið að haga ákvörðunartökunni með þeim hætti og í framhaldinu hvort að Fjármálaeftirlitið hafi með því bakað stefnda skyldu til að greiða stefnanda skaðabætur.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, sem stefnandi reisir málatilbúnað sinn á, er rakin í kafla II. Eins og þegar hefur verið bent á var í henni ekki fjallað um það með hvaða hætti innstæður í íslenskum bönkum yrðu tryggðar. Það varð ekki gert nema með lagasetningu. Af þessum sökum verður að líta svo á að í yfirlýsingunni hafi einungis falist pólitísk fyrirheit sem gátu út af fyrir sig ekki skapað innstæðueigendum beinan rétt. Ekki er því unnt að líta á efni yfirlýsingarinnar sem réttarreglu eða stjórnvaldsfyrirmæli sem hafi bundið hendur Fjármálaeftirlitsins, sem er stjórnvald sem lýtur lagafyrirmælum og er óheimilt að taka íþyngjandi ákvarðanir nema með stoð í lögum.

Eins og rakið hefur verið var ákveðið að veita Fjármálaeftirlitinu afar rúmar heimildir með lögum nr. 125/2008 til að bregðast við þeim erfiðleikum sem íslenskt efnahagslíf og samfélag stóð frammi fyrir þegar lögín voru sett. Með 3. mgr. 5. gr. þeirra laga, sem varð að 3. mgr. 100. gr. a í lögum nr. 161/2002, var Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengin heimild til þess að taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja í heild eða hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða hluta, m.a. með samruna þess við annað fyrirtæki. Tekið var fram að Fjármálaeftirlitinu væri heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt væri í slíkum tilvikum. Gengið hefur verið út frá því að í 5. gr. laganna hafi meðal annars falist heimild til að ráðstafa innstæðum hjá fjármálafyrirtækjum, sem komin voru að fótum fram, til nýs fjármálafyrirtækis, sbr. einkum dóma Hæstaréttar frá 28. október 2011 í málinu nr. 340/2011 og frá 17. janúar 2013 í málinu nr. 169/2011. Með tilfærslu innstæðna til starfhæfs fjármálafyrirtækis var litið svo á að innstæður væru tryggðar. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins í þá veru áttu stoð í fyrrgreindri lagaheimild, en ekki yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Fyrrgreint ákvæði 5. gr. laga nr. 125/2008 veitti Fjármálaeftirlitinu svigrúm til þess að meta til hvaða ráðstafana bæri að grípa og þá jafnframt að hvaða marki innstæður yrðu fluttar yfir í starfhæfan banka. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, þess efnis að flytja tiltekna innstæðuskuldbindingar Straums-Burðaráss til Íslandsbanka hf. en ekki aðrar, var reist á þessari matskenndu lagaheimild. Fjármálaeftirlitið var

bundið af almennum reglum stjórnisýsluréttar þegar hún tók þessa ákvörðun. Ákvörðunin var stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er laut að ráðstöfun á hagsmunum Straums-Burðaráss og Íslandsbanka, en snerti um leið réttindi og skyldur ótilgreindra viðskiptavina og kröfuhafa Straums-Burðaráss. Eins og fyrir var mælt í 8. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008 giltu IV. til VII. kaflar stjórnisýslulaga ekki um ákvörðunartökuna. Því hvíldi ekki skylda á Fjármálaeftirlitinu að gefa málsaðilum færi á að tjá sig um fyrirhugaða stjórnvaldsákvörðun og veita þeim aðgang að gögnum málsins áður en ákvörðun var tekin, sbr. 13. til 15. gr. stjórnisýslulaga.

Ákvörðunin ber með sér að upplýsinga hafði verið aflað frá skilanefnd Straums-Burðaráss um innlán bankans. Við skoðun á þeim hafi komið í ljós að talsverðan hluta þeirra mátti rekja til þess að skuldbindingum bankans, sem áður höfðu verið í formi skuldabréfa og sambærilegra skuldaviðurkenninga, var breytt í innlán með því að skuldirnar voru greiddar upp og innlán stofnuð í staðinn. Þá er í ákvörðuninni rakið að aflað hafi verið lögfræðialits sem gefið hafi til kynna að greiðslur þessara skulda væru riftanlegar þar sem þær hefðu verið greiddar fyrir gjalddaga og ríkari trygging veitt fyrir eldri skuld. Með fyrrgreindum dómum Hæstaréttar í málum nr. 162/2010 og 163/2010 hefur verið staðfest að þessi ályktun átti við rök að styðjast. Stefnandi hefur ekki gert grein fyrir því hvaða upplýsingar hafi skort til að Fjármálaeftirlitið gæti komist að þeirri niðurstöðu sem ákvörðun hennar ber með sér og um er deilt í málinu. Af þessum sökum ber að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að rannsókn Fjármálaeftirlitsins hafi verið ábótavant þannig að brotið hafi verið í bága við 10. gr. stjórnisýslulaga.

Þegar hefur verið vikið að ástæðum þess að skuldabréfakröfum stefnanda á hendur Straumi-Burðarási var breytt í innstæðukröfur eftir að fyrrgreind yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hafði verið gefin og lög nr. 125/2008 voru sett. Ekkert liggur fyrir um að almennum kröfum á hendur stóru viðskiptabönkunum, sem teknir voru yfir af Fjármálaeftirlitinu í október 2008, hafi verið breytt með hliðstæðum hætti í innlán áður en Fjármálaeftirlitið ráðstafaði þeim til nýrra banka, en þá var afar skammt síðan ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um að innstæður yrðu tryggðar og þær gerðar að forgangskröfum. Tilgangur yfirlýsingarinnar og lagasetningar í kjölfarið var að viðhalda eðlilegri bankastarfsemi, komast hjá glundroða meðal innstæðueigenda og gæta hagsmuna þeirra. Þessi málefnalegi tilgangur gat, meðal annars í ljósi almennra sjónarmiða um jafnræði kröfuhafa, engan veginn réttlætt að hluti kröfuhafa nýtti tækifærið í kjölfarið og öðluðust ríkari réttarvernd á kostnað annarra kröfuhafa með því að breyta almennum kröfum sínum í innstæðukröfur. Eftir að slitameðferð Straums-Burðaráss hófst mátti stefnanda vera það ljóst að uppgreiðsla skuldabréfanna í þessum tilgangi væri riftanleg á grundvelli XX. kafla laga nr. 21/1991, eins og síðar var staðfest með dómum Hæstaréttar.

Með vísan til þess þess sem hér hefur verið rakið telur dómurinn að málefnalegar ástæður hafi legið að baki þeirri ákvörðun að undanskilja innstæður stefnanda þegar innstæðuskuldbindingar bankans voru færðar til Íslandsbanka. Með því var heldur ekki farið gegn jafnræðisreglum eða meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga. Í tilefni af röksemdum stefnanda um ætlað brot Fjármálaeftirlitsins á meðalhófsreglunni ber að hafa í huga að það var ekki á valdi Fjármálaeftirlitsins að aflétta lögbundnum skyldum um að kröfuhafar þyrftu að lýsa kröfum sínum í slitabú bankans til að koma í veg fyrir að þær féllu niður. Þá er á það fallist að stefnandi geti ekki byggt á því að hann hafi haft réttmætar væntingar um að

innlánin væru tryggð á grundvelli þess fyrirheits sem fólst í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, enda til þeirra stofnað í því augnamiði að öðlast ríkari réttarvernd á kostnað annarra kröfuhafa eftir að þessi fyrirheit voru gefin.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína að lokum á því að stefndi hafi bakað sér skaðabótaskyldu með því að heimila að hefja slitameðferð á Straumi-Burðarási með lagasetningu, sbr. lög nr. 44/2009, en það stangist á við tilskipun 2001/24/EB.

Af aðfaraorðum tilskipunarinnar má ráða að hún var einkum sett til að tryggja að ráðstafanir sem yfirvöld samþykkja að grípa til vegna rekstrarerfiðleika fjármálafyrirtækja hafi réttaráhrif á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þá á hún á að stuðla að því að lánardrottinn slíkra fyrirtækja njóti jafnræðis hvar sem þeir eru á svæðinu. Aftur á móti fer um endurskipulagningarráðstöfun og slitameðferð eftir löggjöf heimaríkis fjármálafyrirtækisins nema kveðið sé á um annað í tilskipuninni, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2001/24/EBE segir orðrétt eftirfarandi um upphaf slitameðferðar: „Stjórnvöld eða dómsmálafyrirvöld heimaaðildarríkis, sem bera ábyrgð á slitum, skulu ein hafa vald til þess að ákveða að slitameðferð lánastofnunar skuli hefjast, þ.m.t. fyrir útibú með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.“ Jafnframt kemur fram í ákvæðinu að ákvörðun um að hefja slitameðferð, „sem tekin er af stjórnvöldum eða dómsmálafyrirvöldum heimaaðildarríkis“, skuli viðurkennd án frekari formsatriða á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja. Einnig er slitameðferð skilgreind í 9. málslíð 2. gr. tilskipunarinnar þannig að hún feli í sér sameiginlega „málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálafyrirvöld aðildarríkis hefja og hafa eftirlit með og sem hefur það markmið að selja eignir undir eftirliti þessara yfirvalda, þ.m.t. þegar málsmeðferðin er stöðvuð með nauðungarsamningum eða annarri viðlíka ráðstöfun.“

Straumi-Burðarási var veitt greiðslustöðvun með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2009, eins og rakið hefur verið. Frá þeim tíma sætti fjármálafyrirtækið ráðstöfunum sem teljast til endurskipulagningarráðstafana í skilningi 2. gr. og II. bálks tilskipunar 2001/24/EBE. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. maí 2012 í málinu nr. 459/2011 hófst slitameðferð á Straumi-Burðarási með því að fyrirtækinu var skipuð slitastjórn, sbr. 4. tölulíð bráðabirgðaákvæðis II með lögum nr. 44/2009, sem birti innköllun til kröfuhafa. Í ljósi 2. tölulíðar fyrrgreinds bráðabirgðaákvæðis, sbr. 2. og 4. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 117. gr. og 118. gr. laga nr. 21/1991, bar slitastjórninni að birta innköllun þar sem kröfur féllu niður væri þeim ekki lýst í tæka tíð.

Stefnandi telur þessa slitameðferð Straums-Burðaráss stangast á við fyrrgreinda tilskipun, þar sem hún hafi ekki verið ákveðin af dómstól eða stjórnvaldi, heldur með lögum nr. 44/2009. Löggin hafi heimilað bankanum að gefa út innköllun til kröfuhafa með vanlýsingaráhrifum, undir formerkjum slitameðferðar, án þess að dómsúrskurður um slit lægi fyrir, en það stangist á við 9. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt tilskipuninni hafi því aðeins verið í gildi dómsúrskurður um endurskipulagningarráðstöfun, en ekki um slitameðferð Straums-Burðaráss. Telur hann slitameðferðina, sem þannig hafi verið komið á fót andstætt tilskipuninni, hafa rýrt eignarrétt sinn sökum vanlýsingaráhrifa sem af henni leiddi. Virðist málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti reistur á þeirri forsendu að tilskipunin heimili ekki að kröfulýsing við

endurskipulagningarráðstöfun hafi þau réttaráhrif að krafa falli niður sé henni ekki lýst í tæka tíð.

Við úrlausn á þessari málsástæðu ber líta til þess að bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 44/2009 virðist hafa leitt til þess að réttaráhrifum greiðslustöðvunarinnar var breytt þannig að hún hafði framvegis tiltekin einkenni slitameðferðar. Lögin mæltu þó ekki fyrir um upphaf formlegrar slitameðferðar. Til þess ber að líta að greiðslustöðvun Straums-Burðaráss byggðist á úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem lá því til grundvallar þeim viðbótarrettaráhrifum sem bráðabirgðaákvæðið léði greiðslustöðvuninni. Þá varð innköllun ekki gefin út fyrir en bankanum hafði verið skipuð þriggja manna slitastjórn af dómara. Eins og áður segir er tilskipun 2001/24/EBE ekki ætlað að mæla fyrir með tæmandi hætti hvernig staðið skuli að endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð fjármálafyrirtækja. Fær dómurinn ekki séð að 9. gr. tilskipunarinnar eða önnur ákvæði hennar útiloki að sett sé lagaregla þess efnis að gefin skuli út innköllun með vanlýsingaráhrifum við greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis, sem dómstóll hefur úrskurðað um, að því tilskildu að dómari skipi fyrirtækinu slitastjórn. Telur dómurinn að þessi niðurstaða eigi sér stoð í dómi Evrópudómstólsins í máli nr. C-85/12, LBI hf. gegn Kepler Capital Markets SA og Frédéric Giroux.

Samkvæmt framansögðu hefur stefnandi ekki sýnt fram á skaðabótaskylda háttsemi eða vanrækslu sem stefndi beri ábyrgð á gagnvart stefnanda. Því ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Af hálfu stefnanda flutti málið Margrét Anna Einarsdóttir hdl., v. Hróbjarts Jónatanssonar hrl., en af hálfu stefnda flutti málið Guðrún M. Árnadóttir hrl.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Dómari og aðilar töldu óþarft að málið yrði flutt að nýju.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð :**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Stapa lífeyrissjóðs.

Málkostnaður milli aðila fellur niður.

Ásmundur Helgason (sign.)